

Nýtt byggðarmerki Húnabyggðar



Húnar að leik saman. Merkið vísar ekki aðeins í nýtt nafn sveitafélagsins, heldur er líka myndmál fyrir sameiningu, þegar fleiri en einn koma saman en mynda eina sterka heild.

Merkið ákveður að slíta sig frá hefðinni og í stað húna, að setja frekar í forgrunn þau dýr sem einkenna svæðið.

Húnabyggð er mikið landbúnaðarsvæði og þar er mikill sauðfjár- og hestabúskapur. Þá er þar að finna miklar laveiði ár.

Hesthöfuðið og ærin mynda saman nokkurskonar dal en svæðið einkennist af löngum dölum sem ár renna í gegnum, m.a. Blanda. Þá má ímynda sér að sólin skíni bjart yfir dalinn, jafnvel greina vatn (Húnavatn, Hópið o.s.frv. og vestar í merkinu hugsa sér Vatnsdalshóla í eyrum hestsins.

Grænn er valinn enda svæðið öflugt landbúnaðarsvæði og mjög grænt yfir að lítast.

Tignarleg skuggamynd af húni sem veður í vatni líklega í leit að fæðu. Skjöldurinn er einlitur í bláu og þverskiptur.

Í rökstuðningi fyrir nafni nýja sveitafélagsins Húnabyggðar var vísað til þess að í Vatnsdælasögu segi frá því að landnámsmaðurinn Ingimundur hefði fundið hvítaljón og tvo húna á Húnavatni og nefnt vatnið eftir því. Hönnuður telur því við hæfi að húnarnir tveir prýði skjaldamerkið en þeir tákna hér einnig sameiningu sveitafélaganna tveggja sem mætast í famlagi. En bjarnafaðmurinn táknar hér hlýju, öryggi og samstöðu samfélagsins. Í sama rökstuðningi var einnig bent á að forskeytið Húna- sé vel þekkt í örnefnum á svæðinu og því samofið sögu svæðisins. Það gefi því sterka vísbendingu um staðsetningu sveitafélagsins – sem er einmitt markmiðið að skjöldurinn geri, standi hann einn án nafns sveitafélagsins.

Grunnflötur skjaldarins er blár – litur himins og hafs.